

SAMÞYKKT

um kattahald og gæludýrahald annarra dýra en hunda í Seyðisfjarðarkaupstað, á Fljótsdalshéraði, í Fjarðabyggð og í Vopnafjarðarhreppi.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Kattahald í Seyðisfjarðarkaupstað, á Fljótsdalshéraði, í Fjarðabyggð og í Vopnafjarðarhreppi sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari.

2. gr.

Dýraeftirlitsmenn.

Sveitarstjórn annast framkvæmd samþykktar þessarar og getur ráðið sérstaka dýraeftirlitsmenn eða falið starfsmönnum sveitarfélagsins hlutverk dýraeftirlitsmanna. Dýraeftirlitsmenn starfa undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar.

Dýraeftirlitsmenn geta leitað aðstoðar lögreglu yfirvalda, ef og þegar þörf krefur, t.d. ef köttur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu og/eða vörsluaðili kattarins tálmar starfi eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari eða þegar nauðsynlegt er vegna almannahagsmuna og/eða heilbrigðissjónarmiða að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja dýr.

3. gr.

Dýravernd og ræktun.

Samkvæmt lögum nr. 15/1994 um dýravernd fer Umhverfisstofnun með eftirlit með framkvæmd þeirra laga.

Um ræktun, verslun, geymslu og leigu gæludýra í atvinnuskyni gilda ákvæði reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni og þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir slíkri starfsemi.

4. gr.

Skráningarskylda.

Allir kettir í þéttbýli eru skráningarskyldir.

Kattahald í dreifbýli sætir að öllu jöfnu ekki takmörkunum.

Skylt er að sækja um skráningu kattar í þéttbýli til viðkomandi sveitarstjórnar innan tveggja vikna frá því að köttur er tekinn inn á heimili. Kettlinga skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri.

Ketti skal skrá á nafn og heimili lögráða einstaklings sem hefur lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi og á það heimilisfang þar sem kötturinn er haldinn. Útgefið leyfi er óframseljanlegt. Ekki er heimilt að skrá fleiri en tvo ketti á hvert heimili.

Við skráningu kattar getur sveitarfélagið leitað umsagnar lögreglu og annarra eftirlitssvæða telji það ástæðu til.

5. gr.

Gögn sem þarf að framvísa við skráningu kattar.

Eftirfarandi gögn skal leggja fram við skráningu kattar:

1. Undirritaða umsókn á umsóknareyðublöðum sem má nálgast á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags.
2. Upplýsingar um heiti, fæðingardag, kyn, tegund og önnur einkenni kattar.
3. Mynd af kettinum.
4. Vottorð frá dýralækni um örmerkingu, sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.
5. Vottorð frá dýralækni um ormahreinsun kattarins, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.

6. Staðfestingu frá viðurkenndu tryggingafyrirtæki um að umsækjandi hafi gilda ábyrgðartryggingu sem nær til alls þess tjóns sem kötturinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum.
7. Samþykki allra íbúðareigenda í fjöleignarhúsi, ef við á, samkvæmt lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús, sbr. og ákvæði 6. gr. samþykktar þessarar.

Skilyrði fyrir útgáfu leyfisskírteinis er að gögn skv. 1. mgr. hafi verið lögð fram af hálfu umsækjanda og skráningargjald greitt.

Skráðum eiganda kattar ber að tilkynna viðkomandi sveitarfélagi skriflega innan mánaðar um aðsetursskipti eða fráfall kattar.

Sveitarstjórn er heimilt að hafna beiðni um leyfi til kattahalds ef umsækjandi hefur áður og/eða ítrekað gerst brotlegur við samþykkt um kattahald í sveitarfélaginu eða annars staðar. Umsækjandi á rétt á skriflegum rökstuðningi ef beiðni um leyfi til kattahalds er hafnað. Ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 gilda um andmælarétt.

6. gr.

Frekari takmarkanir á kattahaldi.

Óheimilt er að halda kött í húsnæði þar sem enginn er búsettur.

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer skv. 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Til að halda kött í fjöleignarhúsi þarf samþykki allra íbúðareigenda í fjöleignarhúsinu. Þegar hús skiptist í aðgreinda hluta nægir samþykki þeirra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými. Óheimilt er þó að halda ketti í fjöleignarhúsi ef kattahaldið sannanlega veldur eða viðheldur sjúkdómum hjá íbúum í fjöleignarhúsinu.

Sveitarfélagi er heimilt að banna kattahald í húsnæði í eigu sveitarfélagsins.

7. gr.

Skyldur sveitarfélaga.

Sveitarfélagi ber að afhenda umsækjanda um leyfi til kattahalds leyfisskírteini sem staðfestingu á að köttur hans hafi verið skráður til heimilis í viðkomandi sveitarfélagi.

Sveitarfélag skal tryggja að til staðar sé dýrageymsla sem hefur tilskilin leyfi samkvæmt reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og samkvæmt reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni til vörslu katta sem þarf að fanga vegna brota á samþykkt þessari.

Sveitarfélag skal afhenda dýraeftirlitsmönnum og heilbrigðiseftirliti lista yfir ketti sem eru á skrá í sveitarfélaginu.

8. gr.

Skyldur eftirlitsaðila.

Dýraeftirlitsmenn skulu halda og uppfæra skrá yfir ketti í viðkomandi sveitarfélagi. Í skránni skulu koma fram allar upplýsingar er varða skráða ketti og sem dýraeftirlitsmaður telur skipta máli, þ.m.t. hvenær kettirnir hafa verið ormahreinsaðir og öll afskipti sem eftirlitsaðilar hafa haft af köttunum og eigendum þeirra.

Heilbrigðisfulltrúar, lögregla og eftir atvikum aðrir starfsmenn sveitarfélaga skulu tilkynna dýraeftirlitsmönnum um kvartanir og/eða afskipti þeirra af köttum í sveitarfélaginu.

Dýraeftirlitsmenn starfa á ábyrgð heilbrigðisnefndar og skv. verklagsreglum sem heilbrigðisnefnd samþykkir.

9. gr.

Skyldur eigenda og umráðamanna katta.

Eigendum og umráðamönnum katta ber að sjá til þess að kettir þeirra sæti ekki illri meðferð. Umhirða og aðbúnaður katta skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni og gildir í því sambandi m.a. eftirfarandi:

1. Óheimilt er að skilja kött eftir einan og eftirlitslausan lengur en nauðsynlegt er og að hámarki í einn sólarhring.

2. Óheimilt er að tjóðra kött nema í undantekningartilvikum og þá einungis í skamma stund í senn og undir stöðugu eftirliti.

3. Óheimilt er að halda ketti í lokuðu, gluggalausum rými.

Kattaeigendur skulu færa ketti sína árlega til ormahreinsunar hjá dýralækni og skulu afhenda sveitarfélaginu staðfestingu um að ormahreinsun hafi farið fram.

Kattaeigendum er skylt að ábyrgðartryggja sig gegn tjóni sem kettir þeirra kunna að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum og skulu þeir árlega framvísa til sveitarfélags staðfestingu frá viðurkenndu tryggingafélagi þar um.

Eigendur katta skulu árlega greiða skráningargjald fyrir ketti þeirra skv. gjaldskrá sem sveitarfélagið setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Auk örmerkis skulu kettir bera hálsól með upplýsingum um heimilisfang eiganda og símanúmer.

Kattaeigendum ber að sjá til þess að högnar séu geldir og að læður séu gerðar ófrjóar eða hafðar á getnaðarvarnarpillu.

Eigendum og umráðamönnum katta ber, eftir því sem framast er unnt, að sjá svo um að kettir þeirra valdi ekki hávaða, ónæði, óþrifnaði eða óhollustu. Ber þeim að hafa sandkassa fyrir köttinn á lóð sinni.

Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ítrekuðu ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða umráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.

Kattaeigendum og umráðamönnum ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, eftir því sem tók eru á, m.a. með því að hengja bjöllur á hálsólar katta og halda þeim ávallt innandyra á nóttunni.

Óheimilt er að hleypa köttum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti eða inn í húsnæði þar sem matvæli eru meðhöndluð. Slíkir staðir eru m.a.:

1. Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir.
2. Skólar.
3. Lækna- og tannlæknastofur.
4. Sjúkrahús og aðgerðarstofur.
5. Vistarverur handtekinna manna.
6. Heilsuræktarstöðvar.
7. Íþróttastöðvar og íþróttahús.
8. Gæsluvellir.
9. Snyrtistofur.
10. Nuddstofur og sjúkrahjálfun.
11. Sólbaðsstofur.
12. Húðflúrstofur.
13. Samkomuhús, s.s. kirkjur, leikhús, hljómleikasalir, söfn og kvikmyndahús.
14. Gististaðir.
15. Veitingastaðir.
16. Sumarbúðir fyrir börn.

Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

10. gr.

Föngun katta.

Sveitarstjórn er heimilt að láta fanga ketti í búr í eftirfarandi tilfellum:

1. ef köttur er ómerktur,
2. ef ítrekað er kvartað undan ágangi katta á tilteknu svæði eða
3. ef köttur finnst innandyra hjá nágretta í leyfisleysi, á öðrum óheimilum stað eða í fjöleignarhúsi þar sem á skortir tilskilið samþykki annarra íbúðareigenda, sbr. 6. gr.

Kettir sem fangaðir eru skulu færðir í dýrageymslu skv. 2. mgr. 7. gr. Merktum köttum sem ekki er kvartað yfir en lenda í búrum skal þó sleppa lausum, en eigendum eða umráðamönnum tilkynnt um handsömunina og ástæður hennar.

Komi ítrekað til handsömunar á ketti vegna ónæðis telst það vera brot á samþykkt þessari. Köttur, sem hefur verið handsamaður ítrekað, skal færður í dýrageymslu.

Tilkynna skal eigendum ef merktir kettir eru teknir úr umferð. Skráður eigandi kattarins fær köttinn afhentan gegn greiðslu handsömunar-, fôður- og vistunargjalds skv. gjaldskrá um kattahald í sveitarfélaginu. Ef eigandi vitjar ekki kattarins innan viku er heimilt að finna kettinum annað heimili, selja hann upp í áfallinn kostnað eða farga kettinum án frekari fyrirvara. Kattareigandi ber allan kostnað af handsömun, vörslu og fôðrun kattarins, sem og aflífunar hans ef til hennar kemur.

Í þeim tilvikum sem fangaðir kettir eru ekki merktir og upplýsingar um eigendur þeirra liggja ekki fyrir skal auglýsa eftir eigendum þeirra. Gefi eigandi kattar sig ekki fram innan sjö sólarhringa frá birtingu auglýsingar er lögreglu eða dýraeftirlitsmanni heimilt að láta lóga kettinum án frekari fyrirvara. Eigandi kattar sem gefur sig fram skal því aðeins fá köttinn afhentan að hann hafi látið skrá köttinn, greitt skráningargjald vegna hans og uppfylli öll skilyrði samþykktar þessarar fyrir leyfi til kattahalds. Skal eigandanum við greiðslu skráningargjalds afhent beiðni sem nýta má hjá dýralækni til greiðslu fyrir örmerkingu og hreinsun kattarins.

11. gr.

Aðgerðir gegn villiköttum.

Meiriháttar föngun villikatta í þéttbýliskjörnum skal auglýsa með a.m.k. viku fyrirvara og með tilmælum um að skráðum köttum sé haldið innan dyra.

12. gr.

Gjaldtaka.

Sveitarstjórnnum er heimilt að innheimta skráningar- og eftirlitsgjöld í samræmi við gjaldskrá sem viðkomandi sveitarfélag setur samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

Í gjaldskránni skal koma fram hvað er innifalið í skráningargjaldi vegna kattahalds.

Skal skráningargjaldið í fyrsta sinn greitt við skráningu kattar og síðan árlega fyrirfram.

Í gjaldskrá skal kveðið á um handsömunar- og vörslugjald vegna handsömunar katta sem teknir eru í vörslu á vegum sveitarfélaga vegna brota á samþykkt þessari.

Við ákvörðun gjalda skal tekið mið af þeim kostnaði sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

13. gr.

Gæludýr önnur en kettir og hundar.

Eigendum og umráðamönnum gæludýra annarra en hunda og katta er skylt að koma í veg fyrir að dýr þeirra sleppi úr haldi. Gerist það skal þegar gera ráðstafanir til að handsama dýrið.

Eigendur og umráðamenn gæludýra sem haldin eru utandyra, t.d. kanína eða annarra nagdýra, skulu sjá til þess að dýrin valdi ekki nágrönnum ama svo sem með hávaða eða óhreinindum. Skulu þeir tryggja að dýrin geti ekki nagað sig út úr búri eða aðhaldi.

14. gr.

Þvingunarúrræði og afturköllun leyfa.

Um valdsvið og þvingunarúrræði vísast til VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eigendur eða umráðamenn katta sem brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessarar skulu sæta skriflegri áminningu og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta. Ef eigandi eða umráðamaður kattar vanrækir skyldur sínar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem gilda um kattahald getur sveitarstjórn bannað viðkomandi að halda kött og látið fjarlægja dýrið.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi vegna einstakra katta eða öll leyfi telji hún það nauðsynlegt í þágu hollustuhátta og öryggisþátta því tengdu.

Kattaeiganda er skylt að greiða allan kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

15. gr.

Viðurlög.

Um viðurlög vegna brota á samþykkt þessari vísast til VIII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Um kærumeðferð fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

16. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma falla úr gildi samþykkt nr. 795/2005 um kattahald á Fljótsdalshéraði, samþykkt nr. 272/1998 um hunda- og kattahald í Seyðisfjarðar-kaupstað og samþykkt nr. 246/2000 um kattahald í Fjarðabyggð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi til kattahalds sem veitt hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, skal breytt í skráningu í samræmi við samþykkt þessa eigi síðar en 31. desember 2010. Að öðru leyti gildir samþykktin að fullu um þau leyfi.

Kettir í þéttbýli sem ekki eru á skrá í sveitarfélaginu skulu færðir til skráningar fyrir árslok 2010.

Umhverfissráðuneytinu, 27. ágúst 2010.

F. h. r.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.